

Þriðjudaginn 18. október 1988.

Nr. 5/1987.

Ásgeir Valdimarsson

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Teiti Jónassyni

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Lausafjárkaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. nóvember 1986, en málið féll niður á dómþingi 7. janúar 1987. Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1987. Eru dómkröfur hans þær að héraðsdómi verði breytt á þá lund að allar dómkröfur áfrýjanda í héraði verði teknar til greina, þ.e. að stefndi greiði honum 169.320,90 krónur með 19% ársvöxtum af 25.133,00 krónum frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1985, en af 169.320,90 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 3. kafla laga nr. 25/1987, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal bréf samgönguráðuneytis Hollands til lögmanns áfrýjanda, dagsett 7. apríl 1988, sem með fylgdi skráningarvottorð bifreiðar þeirrar, er mál þetta snýst um. Kemur fram af skjölum þessum, að bifreiðin

er af Roman-gerð, framleidd í Rúmeníu 1975. Eina skráning hennar í Hollandi átti sér stað 30. janúar 1976.

Í máli þessu heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að bifreiðin væri af gerðinni Roman, þegar hann keypti hana.

Áfrýjandi hefur lagt fram í máli þessu endurrit dóms í bæjarþingsmálinu nr. 223/1983: Dánarbú Páls Sigurðssonar gegn Ásgeiri Valdimarssyni og Teiti Jónassyni til réttargæslu. Hefur áfrýjandi lagt dóm þennan til grundvallar tjóni sínu, sem hann telur stefnda bera ábyrgð á. Stefndi mótmælir alfarið, að hann beri fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Í ofangreindum dómi segir meðal annars:

„Svo sem fram kemur á áliti dómkvaddra matsmanna í dskj. nr. 22, svo og farmbréfi á dskj. nr. 31 þykir sannað að bifreið sú er stefnandi fékk afhenta er af ROMAN gerð en ekki MAN. Ennfremur að stefndi hefði mátt vita að svo var sbr. það sem segir í farmbréfinu í dskj. 31 en þar er bifreiðinni lýst sem: „used truck Roman chassis 10773“.

Með því að stefndi mátti vita að bifreið sú er hann seldi Páli Sigurðssyni var ekki af þeirri tegund sem um var samið ber hann bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því er af því leiddi.“

Áfrýjandi áfrýjaði ekki dómi þessum.

Þegar framanritað er virt og málavextir að öðru leyti þykir áfrýjandi ekki hafa fært fram nægar sönnur fyrir því að stefndi beri fébótaábyrgð á því tjóni, sem áfrýjandi telur sig hafa orðið fyrir og rakið er til viðskipta áfrýjanda og Páls Sigurðssonar. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Teitur Jónasson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ásgeirs Valdimarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sér atkvæði

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meirihluta dómara af ástæðum þeim er hér greinir:

Stefndi var umboðsmaður áfrýjanda við umrædd bifreiðarkaup og hafði umboð til að kaupa bifreið samkvæmt þeirri lýsingu, er hann hafði gefið áfrýjanda símleiðis frá Hollandi. Stefndi kveður skráningarvottorð bifreiðarinnar ekki hafa legið fyrir er kaupin voru ákveðin og gerði hann ekki ráðstafanir til að sannreyna upplýsingar um gerð bifreiðarinnar. Fram hefur komið hjá honum, að hann hafi ætíð talið það nauðsynlegt, er hann keypti bifreiðir fyrir sjálfan sig í Þýskalandi, að skráningarvottorð lægi fyrir. Er þetta í samræmi við álit Guðfinns Halldórssonar bílasala, sem stundar slík viðskipti, sbr. yfirlýsingu hans, er liggur fyrir í málinu. Stefndi hafði reynslu af viðskiptum sem þessum og á grundvelli þess tók hann að sér að aðstoða áfrýjanda. Hlaut áfrýjandi að mega treysta því að stefndi sýndi fulla aðgát við kaupin, enda áskildi hann sér riflega þóknun fyrir þjónustu sína. Með því að láta undir höfuð leggjast að ganga tryggilega úr skugga um, hvort fyrirbyggjandi upplýsingar um bifreiðina væru réttar sýndi hann af sér vanrækslu við að gæta hagsmuna áfrýjanda og verður því talinn bótaskyldur í máli þessu gagnvart honum.

Áfrýjandi hefir lagt dóm í bæjarþingsmálinu nr. 223/1983: Dánarbú Páls Sigurðssonar gegn Ásgeiri Valdimarssyni og Teiti Jónassyni til réttargæslu, til grundvallar tjóni sínu.

Dómkrafa áfrýjanda, kr. 169.320,90, er sundurliðuð þannig:

1. Bótakrafa dánarbús Páls Sigurðssonar samkvæmt dómi bæjarþings Selfoss í málinu nr. 223/1983 (höfuðstóll kr. 35.000,00, vextir 8. mars 1978 — 15. nóvember 1985 kr. 81.957,90, málskostnaður kr. 25.000,00 og birting dóms kr. 350,00) kr. 142.307,90
2. Reikningur lögmanns áfrýjanda vegna ofangreinds bæjarþingsmáls kr. 25.133,00
3. Kostnaður vegna ljósritunar dómskjala kr. 1.880,00

Dómsforsendur, er lúta að grandsemi áfrýjandans, Ásgeirs Valdimarssonar, í bæjarþingsmálinu nr. 223/1983 milli hans og

dánarbús Páls Sigurðssonar verða ekki lagðar til grundvallar um grandsemi hans gagnvart stefnda, Teiti, í máli, sem áfrýjandi höfðar síðar á hendur honum, enda var ekki um það álitaefni fjallað í fyrra málinu. Þá er og á það að líta, svo sem fyrr greinir, að þegar áfrýjandi fær farmskirteinið í hendur, hafði stefndi, Teitur, þegar bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart áfrýjanda með hirðuleysi sínu við kaupin, enda þótt umfang tjónsins kæmi eigi í ljós fyrr en síðar.

Áfrýjandi tilkynnti stefnda málarekstur dánarbús Páls Sigurðssonar og skoraði á hann að ganga inn í málið í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 85/1936. Það hirti stefndi, Teitur, eigi um. Að svo vöxnu máli tel ég rétt að taka kröfu áfrýjanda til greina að öllu leyti og dæma stefnda, Teit Jónasson, til að greiða áfrýjanda, Ásgeiri Valdimarssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 10. júlí 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 25. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi er höfðað af Ásgeiri Valdimarssyni, Birkivöllum 21, Selfossi, nnr. 0679-5072, gegn Teiti Jónassyni, Holtagerði 5, Kópavogi, nnr. 8861-5075.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum kr. 169.320,90 með 19% ársvöxtum af kr. 25.133,00 frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1985, en af kr. 169.320,90 frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl sama ár, en með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. taxta LMFÍ og málskostnaðarreikningi sem lagður hefur verið fram í málinu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Ennfremur krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málavextir.

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila fór stefnandi í máli þessu með stefnda til Þýskalands og fleiri landa í janúar 1977. Stefnandi kveðst skömmu áður hafa leitað til stefnda þar sem hann hafði hug á að kaupa erlendis og flytja inn notaða vörubifreið, en honum hafi verið bent á að stefndi sæi um slíka innflutninga. Stefndi hafi tjáð honum að hann væri

einmitt að fara til Þýskalands og bauð hann stefnanda að slást í för með sér sem stefnandi gerði eins og áður segir.

Stefnandi kveðst hafa haft í hyggju að kaupa ákveðna gerð af Mercedes Benz vörubifreið og hafi stefnda verið kunnugt um það svo og hve háa fjárhæð stefnandi hafi verið reiðubúinn að greiða fyrir slíka bifreið ef til kæmi. Ekki fundu þeir neina bifreið er hentaði stefnanda og fór hann því heim til Íslands. Áður hafi stefnandi tjáð stefnda að ef stefndi myndi þessa ákveðnu gerð af Mercedes Benz bifreið þá vildi stefnandi fá slíka bifreið.

Skömmu eftir að stefnandi kom heim til Íslands hafði stefndi símasamband við hann og skýrði honum frá því að hann hefði fundið bifreið af tegundinni Man og hefði hún þann burðarpunga er stefnandi var að leita eftir. Stefnandi segir að stefndi hafi tjáð sér að honum litist vel á bifreiðina og ef stefnandi vildi kaupa hana þyrfti hann að svara því strax og ef svo væri skyldi hann flytja bankaábyrgð sem hann hafði áður opnað á ákveðinn banka í Þýskalandi en í því landi var ráðgert í upphafi að kaupin færu fram. Stefndi hafi ekki gefið stefnanda önnur fyrirsmæli varðandi þessa ákveðnu bankaábyrgð. Stefndi heldur því hins vegar fram að hann hafi tekið það skýrt fram við stefnanda að hann skyldi taka fram í bankaábyrgðinni bifreiðartegundina og árgerð svo og verksmiðjunúmer.

Stefnandi ákvað að kaupa bifreiðina og samkvæmt beiðni stefnanda á banki um greiðslu kaupverðsins.

Stefndi hefur lýst malavöxtum svo að áður en stefnandi hafi farið aftur heim til Íslands hafi hann farið fram á það við sig að stefndi liti eftir bifreiðum sem væru með þeim sérstaka búnaði sem stefnandi vildi fá, þ.e. loftbremsum og veltihúsi, og innan ákveðins kaupverðs. Hann kveðst hafa frétt af bifreið af Man-gerð til sölu í Hollandi. Stefndi fór á bílasölu þar sem bifreiðin var og skoðaði bifreiðina og reynsluók henni. Hún hafi verið með þeim sérstaka útbúnaði sem stefnandi gerði kröfur um og mun ódýrari en aðrar sambærilegar bifreiðar. Bifreiðasaliinn hafi gefið upplýsingar um bifreiðina en skoðanavottorð sem stefndi segist hafa óskað eftir að fá hjá bifreiðasalanum lá ekki frammi þar sem bifreiðin var nýkomin á sölu. Bifreiðin hafi verið merkt Man.

Þegar bifreiðin kom til landsins aðstoðaði stefndi stefnanda við að útfylla aðflutningsskýrslur. Einnig hafi þeir lagt fram vottorð frá Man-umboðinu á Íslandi sem stefndi kveðst hafa aðstoðað stefnanda við að afla en umsamið hafi verið að stefndi aðstoðaði stefnanda við að fá bifreiðina tollafgreidda.

Stefnandi greiddi stefnda fyrir aðstoðina við bifreiðakaupin og innflutning á bifreiðinni samtals g.kr. 478.000,00. Bifreiðin var síðan skráð hjá bifreiðaeftirlitinu sem Man-vörubifreið og átti stefnandi hana þar til hann seldi hana Páli heitnum Sigurðssyni þann 8. mars 1978.

Þann 6. mars 1979 leitaði Páll heitinn til lögreglunnar og óskaði eftir rannsókn á því hvers vegna bifreiðin væri skráð sem tegundin Man þar sem hún væri í raun af tegundinni Roman. Skoðaði bifreiðaeftirlitsmaður Bifreiðaeftirlits ríkisins á Selfossi bifreiðina og er umsögn hans svohljóðandi:

„Miðvikudaginn 14. marz 1979 skoðaði ég undirritaður bifreiðina X-1480, að beiðni rannsóknarlögreglunnar á Selfossi. Skoðunin beindist að því að kanna hvort bifreiðin væri hugsanlega af annarri tegund og gerð, en skráningarskírteini hennar og spjaldskrá bifreiðaeftirlitsins gæfu til kynna. Framan á vatnskassahlíf bifreiðarinnar eru stórir stafir M.A.N. sem eiga að tákna tegundarheiti hennar. Annarsstaðar á bifreiðinni fann ég ekki að þetta merki væri skráð og reyndar ekkert annað heiti heldur. Neðst í dyrafalsi hægra megin var álplata hnoðuð í falsið. Á þessari plötu voru nokkrir tölustafir höggðir í plötuna. Virtist þetta geta verið verksmiðjunúmer bifreiðarinnar. Stafirnir voru: 206 0084 10773. Öftustu stafirnir fimm eru þeir sömu og verksmiðjunúmer bilsins í skráningarskírteini. Einnig voru á plötunni miklu minni stafir, sem einnig voru höggðir í hana. Voru það tölurnar 13000 og 8500. Á plötunni var svo tákn, sem var talan 1 og hringur utan um hana. Á grind bílsins hægra megin undir stýrishúsi var talan 10773 höggin í grindina. Á gasolíusíuhylkjum var greinilega letrað „Made in Rumenia“ og sú áletrun var einnig á loftventli, sem staðsettur var fyrir aftan stýrishús á grind bílsins. Að öðru leyti fann ég engin merki sem upplýst gætu um uppruna bílsins.

Selfossi 19. marz 1979.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

Erling Gunnlaugsson (sign.)

bifreiðaeftirlitsmaður“

Með stefnu þingfestri á bæjarþingi Selfoss 28. september 1983 stefndi dánarbúi Páls Sigurðssonar, Kröggólfsstöðum, Ölfusi, Ásgeiri Valdimarsyni, stefnanda máls þessa, til greiðslu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar. Af hálfu stefnda var sótt þing í málinu og var stefnda í máli þessu Teiti Jónassyni stefnt til réttargæslu með stefnu birtri 28. október 1983. Með dómi uppkveðnum 24. júní 1985 var Ásgeir Valdimarsson dæmdur til þess að greiða dánarbúi Páls Sigurðssonar kr. 35.000,00 ásamt vöxtum frá 8. mars 1978 til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað og hefur sú greiðsla verið innt af hendi.

Í máli þessu hefur verið lagður fram kvittaður reikningur Páls Arnórs Pálssonar hrl. vegna ofangreinds bæjarþingsmáls að fjárhæð kr. 142.307,90.

Dómkröfur stefnanda eru þannig sundurliðaðar:

Bótakrafa db. Páls Sigurðssonar skv. dómi bæjarþings Selfoss í málinu nr. 223/1983	kr. 142.307,90
Reikningur lögmanns stefnanda vegna bæjarþingsmálsins nr. 223/1983	kr. 25.133,00
Kostnaður vegna ljósritunar dómskjala	kr. 1.880,00
Alls	kr. 169.320,90

sem er stefnufjárhæðin.

Málsástæður stefnanda eru þær að stefndi hafi með saknæmum og ólöglegum hætti bakað sér fjártjón vegna þess að bifreið sú sem hann keypti í umboði stefnanda fyrir þóknun í Hollandi 1977 hafi verið af annarri tegund en ráðgert var og að stefndi beri ábyrgð á slíku sem umboðsmaður.

Stefndi hafi ekki gengið sérstaklega úr skugga um það hverrar tegundar bifreiðin væri áður en hann gekk frá kaupunum fyrir stefnanda. Skoðunarvottorð fyrir bifreiðina hafi ekki verið fyrir hendi þar sem væri að finna ýmsar mikilvægar upplýsingar varðandi bifreiðina, þ. á m. gerð og ýmis önnur atriði. Stefndi hafi treyst því að stefndi gætti að þessu leyti hagsmuna hans með því að afla nægjanlega traustra upplýsinga um bifreiðina. Í því efni hafi stefndi brugðist og bæri honum því að bæta tjón það sem af þessu leiddi.

Þá heldur stefndi því fram að stefndi beri hlutlæga ábyrgð á því að vara sú sem hann keypti í umboði stefnanda væri sú vara sem hann ætlaði að kaupa.

Stefndi byggir á því að stefnda hafi borið að kaupa MAN-bifreið og að stefndi, sem tók að sér umboðsmennskuna gegn háu gjaldi, beri ábyrgð gagnvart sér skv. almennum reglum skaðabótaréttar, hvort sem litid yrdi svo á að um væri að ræða mistök og gáleysi af hálfu stefnda eða ekki, þ.e.a.s. að stefndi beri hlutlæga ábyrgð á því að hin innflutta vara sé af þeirri tegund og gerð sem ætlað er.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefndi til almennra bótareglna innan samninga svo og til 25. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga nr. 7/1936.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann hafi verið í þeirri góðu trú að bifreiðin væri af tegundinni Man. Hann hafi gert allar þær ráðstafanir sem eðlilegar voru og til mátti ætlast við þær aðstæður sem voru við kaupin til þess að tryggja hagsmuni stefnanda. Hann mótmælir því að hann hafi sýnt af sér gáleysi svo og því að hann hafi með saknæmum og ólöglegum hætti bakað sér fjártjón vegna bifreiðarkaupa stefnanda. Stefndi hafi ekki sannað neinar sakir á stefnda í þessu efni.

Þá hefur stefndi mótmælt því að hann beri hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda. Stefndi hafi ekki verið umboðsmaður stefnanda við bifreiðarkaupin

heldur hafi hann aðeins aðstoðað hann við þau. Hann hafi fundið þá bifreið sem hentaði stefnanda og hafi bifreiðin að öllu leyti samræmst óskum stefnanda. Gjaldtakan fyrir aðstoðina leiði ekki til þess að stefndi beri hlutlæga ábyrgð gagnvart stefnanda eins og haldið sé fram af honum. Stefndi hefur fallið frá þeirri málsvörn að þóknun fyrir aðstoð að fjárhæð g.kr. 478.000,00 hafi ekki verið greidd.

Við munnlegan flutning málsins taldi stefndi að ósannað væri að stefnandi hafi orðið fyrir því tjóni sem hann taldi að hann hefði orðið fyrir vegna bifreiðar kaupanna. Af hálfu stefnanda var þessari málsástæðu stefnda mótmælt sem of seint fram kominni.

Niðurstöður.

Svo sem fram hefur komið í máli þessu og hér að framan er rakið gaf stefnandi stefnda ákveðin fyrirmæli varðandi kaup þau er hann hugðist gera erlendis á notaðri vöruflutningabifreið. Því er ekki haldið fram af hálfu stefnanda að stefndi hafi brotið gegn þessum sérstöku fyrirmælum er stefnandi gaf honum. Stefndi gaf stefnanda upplýsingar um bifreiðina áður en stefnandi ákvað að kaupa hana og hefur ekkert annað fram komið í málinu en þær upplýsingar hafi verið í samræmi við þær upplýsingar sem stefnda voru veittar hjá þeim sem annaðist sölu bifreiðarinnar og enn fremur að upplýsingarnar hafi verið í samræmi við það sem stefndi sá sjálfur við skoðun.

Varðandi hlutlæga ábyrgð stefnda má fallast á þau rök stefnanda að á stefnda hvíli ríkari ábyrgð en ella að gæta hagsmuna stefnanda við kaupun þar sem stefnandi greiddi honum sérstaka þóknun fyrir aðstoðina. En þegar litið er til þess hvernig í ljós kom að bifreiðin var ekki þeirrar tegundar sem aðilar málsins töldu hana upphaflega vera og með vísan til þess sem fram kemur í vottorði bifreiðaeftirlitsmanns á dskj. nr. 13 og í matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna á dskj. nr. 26 um merkingu á bifreiðinni sjálfri þykir stefnandi ekki hafa sannað að stefndi hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart stefnanda á þann hátt að hann beri bótaábyrgð á því tjóni er stefnandi kann að hafa orðið fyrir.

Þar sem svo er verður að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Teitur Jónasson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ásgeirs Valdimarssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 40.000,00.